

Hvalfjarðarsveit  
Skúli Lýðsson,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Innrímel 3  
301 Akranes

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
<b>08 FEB. 2010</b> 10.4.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. febrúar 2010  
Tilvísun: UST20100100125/áb


### Umsögn um breytingu á deiliskipulagi Stóriðjusvæðis við Grundartanga


Vísað er til erindis Hvalfjarðarsveitar um breytingu á deiliskipulagi stóriðjusvæðis við Grundartanga, dagsett 2. nóvember 2009. Breytingin felur í sér stækkun á lóð járnblendiverksmiðju Elkem úr 13,12 ha í 31,2 ha við Katanesveg 1-3 og Tangaveg 2-4. Viðbótarlóð fer að mestu undir fyrirhugaða sólarkísilverksmiðju Elkem. Að auki er skilgreindur byggingareitur á lóð við Katanesveg 5.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Um er að ræða skipulagsbreytingu á röskuðu svæði sem er skilgreint sem iðnaðarsvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi Skilamannahrepps 2002-2014, og í tillögu að aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Rekstur járnblendiverksmiðunnar er mengandi starfsemi, og mun sólarkísilverksmiðja bæta þar í. Samkvæmt gildandi starfsleyfi Elkem Íslands ehf. til 2025, verður stefnt að því að minnka tilfallandi reyklosun framhjá hreinsivirkum. Fyrir utan minni mengun mun það bæta ásýnd verksmiðjunnar. Þynningarsvæði vegna loftmengunar af völdum brennisteinsdíoxíðs, sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, verður hið sama og þynningarsvæði iðnaðarsvæðisins á Grundartanga, samkvæmt starfsleyfi Elkem. Umhverfisstofnun telur einnig að við hönnun nýrra mannvirkja á svæðinu eigi eitt höfuðmarkmiðið að vera lágmarkun á neikvæðum sjónrænum áhrifum af þeim.

Virðingarfyllst

  
Asgeir Björnsson  
sérfræðingur

  
Ólafur A. Lönsson  
deildarstjóri